



# Umferðaröryggisáætlun

## Aðgerðir 2023

**Stjórnarráð Íslands**

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið



# Umferðaröryggisáætlun

Áætlaður árlegur samfélagslegur kostnaður umferðarslysa er metinn yfir 50 milljarðar

Markmið umferðaröryggisáætlunar er að auka umferðaröryggi og fækka slysum


Umferðaröryggisáætlun með **markmiðum** er sett til 15 ára

- i. **Áherslur** eru settar til fimm ára
- ii. Fyrir hverja áherslu eru **aðgerðir** til þess að draga úr slysum með forvörnum, fræðslu, endurbótum á vegakerfinu og eftirliti.
- iii. **Árangur** eru mældur árlega og birtur í slysaskýrslu og skýrslu um framkvæmd umferðaröryggisáætlunar

# Markmið umferðaröryggisáætlunar

- Að vera meðal þeirra Evrópuþjóða sem búa við best umferðaröryggi
- Að fjöldi látinna á hverja 100.000 íbúa sé þannig að Ísland sé í hópi þeirra þjóða þar sem 5 ára meðaltal er lægst.
- Að látnum og alvarlega slösuðum fækki að jafnaði um 5% á ári til ársins 2037

Ísland er árið 2023 í 4.sæti meðal samanburðarlanda



# Undirmarkmið umferðaröryggisáætlunar

---




- Engin börn 14 ára og yngri, látist í umferðinni
- Alvarlega slys eða banaslys vegna vanrækslu á notkun öryggisbelta verði engin
- Alvarlegum slysum og banaslysum vegna ölvunar- og fíkniefnaaksturs fækki um 5%
- Alvarlegum slysum og banaslysum með aðild ungra ökumanna fækki um 5%
- Alvarlega slösuðum og látnum á bifhjóli fækki um 5%
- Alvarlega slösuðum og látnum gangandi vegfarendum fækki um 5%
- Alvarlega slösuðum og látnum hjólandi vegfarendum fækki um 5%
- Alvarlega slösuðum og látnum erlendum ríkisborgurum starfandi hérlandis fækki um 5%
- Að látnum og alvarlega slösuðum erlendum ferðamönnum fækki um 5%
- Alvarlegum slysum og banaslysum vegna útafaksturs fækki um 5%
- Alvarlegum slysum og banaslysum vegna framanákeyrsla fækki um 5%

# Áherslur ársins 2023

Áherslur og aðgerðir þeim tengdar byggja m.a. á stöðu markmiða umferðaröryggisáætlunar í árslok 2022

## Staða markmiða 2022



# Samgöngustofa

Markmið að bæta hegðun og viðhorf í umferðinni, umferðarmenningu og -öryggi.

Á árinu verður 75 m.kr. varið til fræðslu, forvarna, rannsókna og stjórnsýsla



# Helstu áherslur í starfi Samgöngustofu

1. Örugg notkun rafhlaupahjóla
2. Erlendir ríkisborgar búsettir hérlandis
3. Bílbelti - átak
4. Fíkniefnaakstur – Rauði þríhyrningurinn
5. Snjalltækjanotkun í akstri, «Aðstoðarbílstjórinn», snjalltækin og hlutverk farþega í framsæti
6. Bæklingar og færslur á samfélagsmiðlum



## • Fræðsla

1. Í Leik-, grunn-, og framhaldsskólum, framleiðsla og viðhald námsefnis.
  - Áherslur; Jóladagatal, endurskinsmerkið, skólaheimsóknir, samstarf við sveitarfélög
2. Til almennings m.a. um breytingar á lögum og reglum ásamt öryggisatriðum almennt.
3. Til erlendra ferðamanna
  - Áherslur: Svefn og þreyta eftir næturflug, Stýrisspjöld í bílaleigubíla og samstarf við Safetravel, dreifing fræðsluefnis og kannanir um notkun þess og upplifun af akstri við brottför
4. Til erlendra ríkisborgara búsettra hérlendis
  1. Áherslur: Að hafa hvetja til bættrar hegðunar í umferðinni m.a. á samfélagsmiðlum m.a. á pólsku





# Fundir, ráðstefnur, viðburðir

1. Alþjóðlegur minningardagur um fórnarlömb umferðarslysa
2. Fundir og málþing  
Umferðarþing  
Þátttaka fundum og ráðstefnum um umferðaröryggi  
Fundir með sveitarfélögum, deildum Landsbjargar og lögreglu ásamt fræðslu í skólum
3. Verkefni sem hvetja til öruggra virkra samgangna  
td. Göngum í skólann, Hjólað í skólann og Hjólað í vinnuna.
4. YOURS verkefni  
Íslensk ungmenni eru nú þátttakendur í YOURS alþjóðlegu verkefni þar sem ungt fólk er virkjað til jafningafræðslu um umferðaröryggismál með vinnustofum, ráðstefnum ofl.

# Samgöngustofa 2023: Birting og gerð fræðsluefnis

## 1. Birting auglýsinga

Nýjar og eldri auglýsingar birtar eftir þörfum þegar tilefni er til, annaðhvort út frá árstíma, slysatölum eða þjóðfélagsumræðu

## 2. Fræðslumyndbönd - framleiðsla og endurgerð

Endurgerð nokkurra eldri fræðslumynda og nýjar myndir. Ætlunin er að hefja framleiðslu mynda um ljósanotkun, öryggi barna í bíl, virðingu fyrir rauðu ljósi og eftirvagna. Myndirnar verða textaðar á ensku og pólsku og áhersla verður lögð á að dreifa þeim á samfélagsmiðlum til erlendra ríkisborgara búsettra á landinu.

## 3. Birting fræðslumynda fyrir almenning

Framleiddar hafa verið um 45 stuttar fræðslumyndir (30 sek - 3 mín)

þær eru birtar á auglýsingatímum, milli þátta og á öðrum góðum áhorfstímum á sérkjörum sjónvarpsstöðvanna. Myndirnar eru einnig í dreifingu á samfélagsmiðlum.





# Samgöngustofa 2023: Rannsóknir og kannanir

Rannsóknir og kannanir á hegðun og viðhorfum vegfarenda

1. Umferðarkönnun; Staðbundnar athuganir á notkun ljósa, farsíma, bílbelta ofl.

Könnun gerð á gatnamótum í samstarfi við Landsbjörg

2. Viðhorfskönnun um aksturshegðun og viðhorf almennings

3. Notkun hjálma á stígakerfi höfuðborgarssvæðisins

Könnun á notkun á reiðhjólum, rafskútum, vespum og hjólaskautum í samstarfi við Landsbjörg

4. Slysaskráning og slysakort

Byggt á gögnum lögreglu, Aðstoðar og öryggis o.fl. Upplýsingar eru birtar á slysakortinu á vef Samgöngustofu.

5. Starfsmanna- og fræðslukostnaður

Markmið að efla þekkingu starfsmanna, sækja fundi og ráðstefnur auk aðgengis að sérfræðingum.

# Vegagerðin

Á árinu 2023 verður 600-700 m.kr. varið til verkefna á umferðaröryggisáætlun sem fjármögnuð eru af viðhaldsfé Vegagerðarinnar.



# Umferðaröryggisaðgerðir 2023

Vegagerðin vinnur að stöðugum endurbótum á samgöngukerfinu, stórum sem smáum t.d. með virkri umferðaröryggisstjórnun við hönnun-, byggingu og endurbætur á vegum og hjólastígum

Stærri umferðaröryggisaðgerðir fá sérstaka fjárveitingu í samgönguáætlun.

- Aðgreining aksturstefna – áframhaldandi vinna á umferðarþyngstu vegum
- Fækkun einbreiðra brúa á Hringvegi



# Verkefni Vegagerðar á umferðaröryggisáætlun

Helstu verkefnin eru:

- Greining slysastaða og lagfæringar á þeim.
- Umferðaröryggisúttektir og lagfæringar í kjölfar þeirra, þ.m.t. að bæta umhverfi vega og/eða setja upp vegrið til að draga úr hættu á alvarlegum meiðslum við útafakstur.
- Rekstur sjálfvirks hraðaeftirlits, þ.m.t. meðalhraðaeftirlit, í samstarfi við lögreglu.
- Fjölgun hvíldar- og áningarstaða við þjóðvegi

# Lagfæringar á umhverfi vega, vegamótum og/eða uppsetning vegriða

Flest slys eru vegna mannlegra mistaka.

Mikilvægt er því að bæta umhverfi vega og gera það sem öruggast.

Mörg alvarleg slys og banaslys verða vegna útafaksturs eða á hættulegum gatnamótum.

Fundað er með öllum svæðum Vegagerðarinnar í ársbyrjun þar sem farið er yfir stöðu verkefna.

Valin eru ný verkefni á grundvelli ástandsgreininga og hættumats en öðrum framhaldið.

- Dæmi: Þjórsársdalsvegur milli Skeiða- og Hrunamannavegar og Árness.





# Bætt lýsing á vegamótum

Fyrirhugað er að bæta lýsingar við vegamót á nokkrum stöðum

Meðal verkefna má nefna:

- Vegamót Hringvegar og Norðfjarðarvegar vestan Reyðarfjarðar.
- Vegamót Hringvegar og Vattarnesvegar í grennd við Fáskrúðsfjörð.
- Skriðdals- og Breiðdalsvegur sunnan Egilsstaða, bætt lýsing, frh.
- Vegamót Norðfjarðarvegar og Mjóeyrarvegar.
- Vegamót Norðfjarðarvegar og vegar að álveri Fjarðaáls.



# Búfjár- og reiðgöng

Umferð um vegi fer vaxandi og því er víða er þörf fyrir göng undir vegi fyrir dýr og menn

- Meðal staða þar sem slíkt er fyrirhugað á árinu eru:
- Hringvegur undir Eyjafjöllum, milli Núps og Hvamms,
- Biskupstungnabraut við Myrkholt, gerð reiðganga
- Fleiri verkefni eru til skoðunar.



# Öryggisaðgerðir í þéttbýlisstöðum á landsbyggðinni

- Verkefni eru unnin í samvinnu við sveitarstjórnir en markmið þeirra er fyrst og fremst að auka öryggi gangandi vegfarenda
- Dæmi um slík verkefni á árinu 2023 eru;
  - Innnesvegur sunnan Leynisbrautar á Akranesi, hraðahindrandi aðgerðir
  - Útnesvegur vestan Ólafsvíkur. Gagnvirk hraðahindrun.
  - Mývatnssveitarvegur, stýring gangandi umferðar.
  - Djúpavogsvegur, göngubverun og fl.
  - Hringvegur í Fellabæ, hraðahindrandi aðgerðir.
  - Hraða- og rauðljósavél á Akureyri.





# Öryggismat vega

Unnið er að heildstæðu umferðaröryggismati á stofnvegum skv. reglugerð 624/2022 um öryggisstjórnun vegamannvirkja (2019/1936/EC)

- Við matið skal bæði taka tillit til slysasögu (fjöldi alvarlegra slysa m.v. umferð) og mögulegrar áhættu sem metin er út frá hönnunareiginleikum vegarins.
- Á grundvelli niðurstöðu matsins skal flokka alla vegarkafla skv. öryggisstigi þeirra
- Matið nýtist við forgangsröðun öryggisaðgerða.
- Matið skal liggja fyrir 2024 og síðan þarf að endurtaka það á fimm ára fresti.

# Lögreglan



# Lögreglan umferðaröryggisáætlun

Markmið með umferðareftirliti lögreglu er að fækka alvarlegum umferðarslysum

Aðgerðir til að ná markmiðum umferðaröryggisáætlunar\* hjá lögreglu eru m.a.


- Auka frumkvæðislöggæslu og sýnilegt eftirlit
  - Á næstu árum mun fjöldi lögreglumanna tvöfaldast
- Áframhaldandi rekstur og viðhald hraðamyndavéla og fjölga þeim.
- Koma á sjálfvirku meðalhraðaeftirliti á vegköflum þar sem slys eru tíð\*\*
- Lögreglan rekur einnig Bíltæknimiðstöð þar sem gerðar eru rannsóknir á ökutækjum eftir slys en ástand ökutækis er því miður í sumum tilfellum ástæða slyss.

\* Ath; aðgerðir lögreglu og rekstur sjálfvirks hraðaeftirlits hafa ekki sjálfstæða fjárveitingu

\*\* Rannsóknir sýna að meðalhraðaeftirlit fækkar alvarlega slösuðum og látnum um allt að 50%

# Umferðarlagabrot og löggæsla

- Umferðarlagabrotum hefur fjölgað mikið á síðustu árum
- Árið 2018 voru brotin um 78.000 og aldrei verið fleiri.
  - Á sama tíma jókst umferða á Hringvegi um 44% - mest erlendir ferðamenn
- Hraðakstursbrot sem hraðamyndavélar námu voru langstærsti hlutinn eða hátt í 46.000
- Aukin frumkvæðislöggæsla með hraðakstri, ölvunar -og vímuefnaakstri o.fl. nam um 32.000 brot.
- Hlutfallslega fjölgaði brotum aksturs undir áhrifum fíkniefna mest, um 110% frá árinu 2012 til 2018.



# Samstarfsverkefni Lögreglu og Vegagerðar

Áherslan er á eflingu og fjármögnun sjálfvirka hraðaeftirlitsins



# Sjálfvirka umferðareftirlitið

Sjálfvirka eftirlitið er samstarfsverkefni Lögreglu og Vegagerðar.

Forvarnargildi þess er mikið því fækkun slysa dregur úr álagi og sparar milljarða í heilbrigðiskerfinu

- Eftirlitskerfið hefur ekki fengið sjálfstæða fjárveitingu í fjölda ára til rekstrar, viðhalds né uppsetningar nýrra mælistaða, t.d. meðalhraðaeftirlits.
- Hefðbundinn rekstur hraðamyndavélakerfisins, þ.m.t. kvörðun búnaðar, kaup og uppsetning véla er því greiddur af viðhaldsfé Vegagerðar.
- Úrvinnsla sekta er greidd sameiginlega af lögreglunni á Vesturlandi og Vegagerðinni
- Sektarfé rennur óskipt í ríkissjóð.







# Sjálfvirkt meðalhraðaeftirlit

Meðalhraðaeftirlit hefur sýnt sig að fækka slysum gríðarlega eða yfir 50%

Unnið er að uppsetningu meðalhraðaeftirlits í jarðgöngum og á hættulegum fjölförnum vegköflum.

Meðal aðgerða ársins eru:

Sjálfvirkt meðalhraðaeftirliti í Hvaljarðargöngum og í Dýrafjarðargöngum.

Sjálfvirkt punkthraðaeftirlit mun hefjast á Þingvallavegi um Þjóðgarðinn



# Sjálfvirka umferðareftirlit á höfuðborgarsvæðinu

- Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og Höfuðborgarsvæði Vegagerðarinnar hafa lagt mikla áherslu á að fjölga punkthraðamyndavélum .
- Fyrir liggur að fara þarf í útboð vegna þeirra myndavéla og þarf að stofna samráðshóp aðila frá Vegagerðinni, Reykjavíkurborg, lögreglu á höfuðborgarsvæðinu, lögreglu á Vesturlandi og ríkislögreglustjóra.
- Forsenda fjölgunar myndavélanna ,sem einnig nema akstur gegn rauðu ljósi, er að úrvinnsla mynda og sektarboðun sé fjármögnuð.